

10. fundur 20. febrúar 2017

Stjórn og varastjórn kom saman til fundar í fundarsal stéttarfélaganna á 3. hæð suður og hófst hann kl. 18.

Dagskrá:

1. Tillaga um löggiltan endurskoðanda en kosning fer fram á aðalfundi. Mælt með Enor hf.
2. Fjárfestingastefna 2017. Farið var yfir fjárfestingaáætlun FVSA 2017, sem Jón Rögnvaldsson og Halldór Óli Kjartansson unnu með formanni og lögð verður fram á aðalfundi til samþykktar. Birt Samþykkt að athuga með kaup á íbúð í Reykjavík.
3. Samþykkt að leggja fyrir aðalfund 3.000.000 kr. framlag í Vinnudeilusjóð.
4. Tillaga fyrir aðalfund um aðalmenn og varamenn í kjörstjórn og félagslega skoðunarmenn.
Aðalmenn kjörstjórn: Helga Eymundsdóttir og Einar Hjartarson
Varamenn: Eydís Bjarnadóttir og Jónas Þór Sveinsson
Skoðunarmenn aðal: Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir og María Ingadóttir
Vara: Margrét Brynjólfssdóttir og Gylfi Pálsson.
5. Leikhúsferð 2017. Samþykkt að fara til Húsavíkur í leikhúsferð með ellilífeyrisþega á leikritið "Bót og betrun".
6. Tilboð frá Pétri Guðjónssyni um fundarherferð fyrir félagsmenn. Hafnað.
7. Fjárhagsáætlun 2017.
Farið var yfir fjárhagsáætlun 2017 og er hún birt á bls.
Samþykkt samhljóða.
8. Í stað sumarferðar var áður ákveðið að kanna aðra möguleika. Tilboð hefur borist frá Hofi vegna tónleika með sinfóníuhljómsveit og tónlist Atla Örvarssonar. Samþykkt að kanna þetta betur og taka endanlega ákvörðun á næsta fundi.
9. Ársreikningur 2016
Hermann Brynjarsson endurskoðandi og félagslegir skoðunarmenn Gylfi Pálsson og María Ingadóttir mættu á fundinn. Hermann fór yfir ársreikninginn og skýrði hann.
Samþykkti stjórnin 14.000.000 kr. framlag úr félagssjóði í orlofssjóð. Að þessu loknu yfirgáfu Hermann, Gylfi og María fundinn.
10. Önnur mál.
Jón G. Rögnvaldsson stjórnarmaður í Orlofsbyggðinni Illugastöðum gerði grein fyrir því að tímabært væri að bera á hús félagsins á Illugastöðum. Kom upp sú hugmynd hvort stjórnarmenn væru til í að ganga í verkið. Ákveðið að skoða það nánar.

